



Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-12
105 Reykjavík

Reykjavík 23. júlí 2025
2025070243

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 786/2025 í skipulagsgátt, Háskólinn í Reykjavík - Breyting vegna borgarlínu og frekari uppbyggingu á svæði 1a og 1b - SN220056

Vísað er til máls nr. 786/2025 í skipulagsgátt, Háskólinn í Reykjavík - Breyting vegna borgarlínu og frekari uppbyggingu á svæði 1a og 1b - SN220056. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn

HER vill benda á að við uppbyggingu háskólasvæðisins kom í ljós talsverð olíumengun á svæðinu og var mengaður jarðvegur fluttur í burtu til meðhöndlunar annarsstaðar. Á þeim tíma fóru ekki fram eins umfangsmiklar rannsóknir á jarðvegsmengun og gerð er krafa um í dag. Þó umtalsverð jarðvegsskipti hafi farið fram á svæðinu er ekki hægt að útiloka að jarðvegsmengun finnist á svæðum sem þegar hefur verið raskað en jafnframt er gert ráð fyrir í skipulaginu að raskað verði svæðum sem eru óröskuð eftir fyrri framkvæmdir. Kanna þarf hversu umfangsmikil jarðvegsskipti voru á svæðinu og meta hvort þörf sé á frekari jarðvegsrannsóknum á röskuðum svæðum, eins þarf að kanna hvort mengun sé til staðar á þeim svæðum sem stendur til að raska skv. breyttu deiliskipulagi. Jarðvegur þarf að uppfylla skilyrði í reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

HER vill einnig benda á að skýrt þarf að vera í skilmálum hver skuli annast um viðhald og rekstur blágrænna ofanvatnslausna sem fyrirhugað er að koma fyrir skv. deiliskipulagstillögunni.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri